

## Lístahátíð í Reykjavík 1982:

# NÚ ER BARA AÐ VONA HANN HANGI ÞURR!

■ Lístahátíð í Reykjavík verður að vanda haldin fyrripart júnímánaðar næstkomandi, við sjáum ekki betur en að hún verði hvað glæsileik varðar og framboð á heimslíst síst eftirbátur Lístahátíðar '80, sem þótti óvenju vel heppnuð. En þá var líka svo gott veður... Það er af mörgu tað taka er ekki venjan að segja að allir muni finna eitthvað við sitt hæfi? Örnólfur Arnason framkvæmdastjóri Lístahátíðar, tjáði okkur að á hátíðinni yrðu á milli 20 og 30 at-riði. Við rennum yfir það bitastæðasta og byrjum á tónlistinni.

Frá Írlandi kemur frægasti flautuleikari í heimi á því leikur enginn vafi, og kennari Manuelu Wiesler — sjálfur James Galway og leikur hér á tónleikum með símfónihljómsveitinni. Sunnan úr löndum kemur annar tónsnillingur, búlgarski bassa-

söngvarinn Boris Kristoff og syngur í kapp við símfóniuna okkar.

Af „lægri“ tónmenntum er það að segja að nýrómantiska popphljómsveitin Human League mik- ið vinsæl og leikin í útvarpi um þessar mundir, kemur frá Bretlandi og heldur tvenna tónleika í Laugardalshöll. Frægasta lag Human League mun vera „Don't you want me“ sem nú glymur í öllum eyrum.

Jazzhugamenn lifa í voninni um að takist að fá hingað saxafónleikarann Gerry Mulligan ásamt hljómsveit. Allt mun það þó vera á huldu enn sem komið er.

Íslenskir tónlistarmenn setja að vanda svip á Lístahátíð, fyrir tveimur árum þótti framlag þeirra einmitt framúrskarandi gott, og nú hefur Lístahátíð komið sér upp sérstakri kammersveit,

Kammersveit Lístahátíðar svokallaðri en hún er skipuð tónlistarmönnum af yngstu kynslóð, flest af því mun enn vera við nám hér heima og erlendis. Stjórnandi kammersveitarinnar verður Guðmundur Emilsson.

Við opnun Lístahátíðar gerast mikil undur og stórmerki á mörkum íslenskrar tónlistar og leiklistar. Þá verður frumflutt íslensk ópera, íslenskum óperum fjölger sumsé um helming, Silkitromman eftir Atla Heimi Sveinsson við texta Örnólfs Arnasonar. Óperan verður svoleikin og sungin í Þjóðleikhúsinu meðan hátíðin stendur yfir.

Annað íslenskt leikverk verður frumsýnt á Lístahátíð. Það er Skilnaður nýtt leikrit eftir Kjartan Ragnarsson okkar mesta „kassahöfund“ eins og sagt er. Okkur grunar að þarna sé Kjart-

an heldur á alvarlegri kantinum. Skilnaður hans verður sýndur í Iðni.

Útlent leikhúsfólk gistir Reykjavík að vanda á Lístahátíð. Frá Frakklandi kemur gestaleikur tveggja leikara sem heitir Flugmennirnir og fjallar um orrustuflugmenn í heimsstyrjöldinni síðari.

Þeir sem helst mundu kjósa að hafa Els Comadants vini okkar á hverri Lístahátíð þurfa ekki að órvænta. Frá Caracas í Venesúela kemur nefnilega leikhópurinn Rajatabla eitt þekktasta leikhús Suður Ameríku. Hér verður þessi 30 manna flokkur með tvær uppfærslur á fjórum sýningum. Önnur heitir Bóllivar og fjallar um hinn fræga Símon frelsishetju Rómönsku-Ameríku. Hin heitir Forseti lýðveldisins og byggir á sögu Nóbels höfundarins

guatemalska Miguel Angel Asturias, en sú bók hefur einmitt komið út í íslenskri þýðingu. Það hryggir kannski einhverja að hópur þessi heldur sig innan dyra, í Þjóðleikhúsinu í þetta sinn en hefur ekki uppsprell og trúðslæti á götum úti eins og fyrrnefndur leikhópur frá Barcelónu. Það mætti líka segja mér að hér væru æði pólitísk leikverk á ferðinni, enda gefur ástandið í suðurhluta Ameríku varla tilefni til annars.

Þess má svo geta að klúbbur Lístahátíðar verður starfandi í Félagsstofnun stúdenta við Hringbraut sú tilhugsun fyllir án efa mörg hjörta af tilhlökkun sem þar áttu ljúfar stundir yfir rauðu eða hvítu vini fyrir tveimur árum.

Lístahátíð í Reykjavík stendur að þessu sinni frá 5ta til 15da júní. Við munum gera henni nánari skil þegar nær dregur. eh.

## „Létum allt gossa“

### - Kristinn Harðarson og Helgi Þorgils sýna á Mokka

Það er sýning á Mokka sem endranær. Kristinn Harðarson og Helgi Þorgils Friðbjörnsson, báðir ungir að árum og stundum kenndir við eitthvað sem kallað er „nýlist“, sýna myndir sem þeir hafa

unnið í sameiningu. Hvers vegna í ósköpunum?

„Það er erfitt að segja“, svaraði Kristinn Harðarson. „Okkur þótti gaman að þessu og héldum áfram eftir að við vorum byrj-

aðir, allt í einu fannst okkur við vera komnir með sýningu. Það er nú eiginlega allt og sumt.“


En ekki héldu þeir báðir á sama penslinum, eða hvað?

„Nei. Stundum byrjaði hann“ — auðvitað er átt við Helga Þorgils — „og síðan tók ég við, málaði ofan í, málaði yfir. Eða öfugt. Allar myndirnar eru þannig unnar af okkur báðum. Þær eru gerðar á pappír, ýmiss konar pappír, og litirnir eru fyrst og fremst olíupastel.“


Ekki er langt í frá að myndirnar séu frumstæðar nokkuð... „Þetta eru fantasíur. Við unnum hratt og fumaust, án vanga-veltna um hvað við værum að gera. Við létum allt gossa.“

Ekki hafði Kristinn Harðarson hugmynd um hversu lengi sýningin stæði, helt helst að það væri eitthvað fram í maí. En Mokka er við Skólavörðustíg.


—ij.




■ Helgi Þorgils Friðbjörnsson.



■ Kristinn Harðarson.



■ Mynd, unnið af báðum. Tímamynd: Róbert.



■ Gísli Sigurðsson við mynd sína „Yfir hrapandi jörð“, en hún er máluð undir áhrifum frá Tímanum og vatninu eftir Stein Steinarr.

## „Myndir úr ljóðheimi“

### Gísli Sigurðsson opnar sjöundu einkasýningu sína að Kjarvalsstöðum

■ „Eg kalla þessa sýningu „Myndir úr ljóðheimi“, vegna þess að þetta eru 60 málverk, sem öll eru unnin við ljóð“, sagði Gísli Sigurðsson, um sýningu sína sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum, þegar við ræddum við hann á fimmtudag, en Gísli opnaði sýninguna á sumardaginn fyrsta.

Gísli sagði að þessi ljóð væru öll eftir íslensk skáld, með einni undantekningu þó. Það hefur tekið hann þrjú ár að vinna að sýningunni með starfi sínu við Lesbók Morgunblaðsins, en þaðan þekkja vafalaust allir landsmenn handbragð og listfengi Gísla, sem hefur teiknað með og prýtt efni Lesbókarinnar í mörg ár.

„Eg hef farið í gegnum einar 200 ljóðabækur í leit að fyrirmyndum“, sagði Gísli enn, „og sé

hægt að lýsa þessu verki á einhvern hátt, held ég við getum komist nærri því með að segja að þetta sé ljóðræn fantasía. Þetta er því ekki raunveruleikaheimur, heldur skáldskaparheimur.

„Eg bind mig ekki mjög við ljóðin eigi að síður, þótt ég þykist nota þau sem föng. Eg leyfi mér að bæta við eigin skáldskap líka.“

Þetta er sjöunda einkasýning Gísla Sigurðssonar, en hann sýndi fyrst árið 1964 í Hafnarstræti 1. Síðari sýningar hafa verið í Bogasalnum 1967, Norræna húsinu 1973, Listasafni Arnassýnu á Selfossi 1976, Norræna húsinu 1978 og í Háholi á Akureyri 1980.

Sýningin er opin til 10. maí n.k. Hún er opin frá kl. 14-22 daglega. —AM